

**REGLUR OG GJALDSKRÁ FRÍSTUNDAR HEIÐARSKÓLA**

Gjaldskrá 1. janúar 2020	Mánaðargjald	Hressing	Samtals
Mánaðargjald/hressing	7.683	2.914	10.597
Hálfur mánuður/hressing	3.842	1.457	5.299

Frístund er starfrækt fyrir nemendur í 1. – 4. bekk mánudaga til fimmtudaga frá kl. 13:30 til 16:30. Foreldrar sækja börn sín að Frístund lokinni.

Frístund er starfrækt alla kennsludaga frá 1. sept. – 31. maí í samræmi við skóladagatal Heiðarskóla, að undanskildum tvöföldum skóladögum, þ.e.a.s. árshátíð og fullveldishátíð og skerta útinámsdaga.

Skráning í Frístund er hjá skólastjóra Heiðarskóla. Til að Frístund sé starfrækt er lágmarksskráning 10 börn. Mánaðargjald er greitt fyrir Frístund og síðdegishressingu. Gjaldið er innheimt eftirá, fyrir hvern mánuð. Þriggja mánaðar vanskil jafngildir uppsögn á Frístundadvöl.

Skráning eða afskráning tekur gildi um næstu mánaðarmót samkvæmt tilkynningu sem þarf að berast skólastjóra fyrir 20. dag hvers mánaðar. Gagnkvæmur uppsagnafrestur er einn mánuður og miðast við mánaðarmót.

Hressing er ekki endurgreidd vegna fjarvista eða veikinda nema þau vari lengur en eina viku samfelld. Ekki er veittur afsláttur þó nemendur fari t.d. í íþróttatíma eða tónlistartíma á dvalartíma Frístundar.

Fæðisgjald Frístundar er uppreiknað í janúar ár hvert miðað við vísitölu neysliverðs. Grunnvísitala er 473.3.

Gjaldskrá þessi tekur gildi 1. janúar 2020

Samþykkt á fundi sveitarstjórnar Hvalfjarðarsveitar 23. júní 2020